

Ár 2023, fimmtudaginn 15. júní, kl. 09:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannes Albert Sævarssyni og Steinari Þór Guðgeirssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 3/2023

Knattspyrnudeild FH

gegn

Morten Beck Guldsmed

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I.

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 30. mars 2023, þar sem Knattspyrnudeild FH var gert að sæta sekt að upphæð kr. 150.000,- til KSÍ og knattspyrnuliði FH í mfl. karla gert að sæta félagaskiptabanni í eitt félagaskiptatímabil ef ekki yrði gengið frá uppgjöri í samræmi við niðurstöðu samninga- og félagaskiptanefndar frá 10. ágúst 2022 innan 30 daga frá því úrskurður aga- og úrskurðarnefndar var kveðinn upp.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 4. apríl 2023 þar sem Knattspyrnudeild FH gerir eftirfarandi kröfur:

Aðallega að úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 3/2023 frá 30. mars 2023 verði felldur úr gildi á hendur knattspyrnudeild FH. Til vara er gerð sú krafa að úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 3/2023 frá 30. mars 2023 verði felldur úr gildi á hendur knattspyrnudeild FH en að áfrýjunardómstóllinn ákveði vægari viðurlög á hendur félaginu en gert er í úrskurðinum. Í báðum tilvikum gerir Knattspyrnudeild FH kröfu um að Morten Beck Guldsmed greiði knattspyrnudeild FH málskostnað vegna reksturs málsins fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstól KSÍ.

Í greinargerð sem barst frá varnaraðila Morten Beck Guldsmed fyrir áfrýjunardómstóli þann 12. apríl 2023 eru gerðar eftirfarandi kröfur:

Aðallega að aðalkröfu sóknaraðila verði vísað frá dómi. Þá er þess krafist að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 3/2023 frá 30. mars 2023, verði staðfestur.

II.

Áfrýjandi er Knattspyrnudeild FH sem leikur í Bestu deild karla.

Málavextir verða raktir stuttlega með eftirfarandi hætti:

Morten Beck Guldsmed (varnaraðili) og FH (sóknaraðili) gerðu með sér leikmannssamning 23. desember 2019. Samningurinn gildi frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021. Ágreiningur var milli varnaraðila og sóknaraðila hvort að samningurinn væri launþega- eða verksamningur. Byggði varnaraðili á því að

samningurinn væri launþegasamningur, en varnaraðili hélt því fram að um verksamning væri að ræða. Svo fór að málinu var vísað til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ.

Með úrskurði, dags. 10. ágúst 2022 komst samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ að þeirri niðurstöðu að samningurinn væri launþegasamningur og því bæri sóknaraðili ábyrgð á greiðslu skatta og annarra launatengdra gjalda af greiðslum samkvæmt samningi við varnaraðila

Með kröfubréfi, dags. 9. janúar 2023 var FH veittur frestur til 16. janúar 2023 til þess að ganga til samninga um uppgjör á kröfunni. Þann 23. febrúar 2023 bárust skrifstofu KSÍ kærugögn frá varnaðila fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ þar sem gerðar voru þær kröfur á hendur sóknaraðila að honum yrði gert að greiða sekt að fjárhæð krónur 2.000.000,- og gert að sæta félagaskiptabanni í tvö félagaskiptatímabil.

Með úrskurði aga- og úrskurðarnefndar dags. 30. mars 2023 var sóknaraðila gert að sæta sekt að upphæð kr. 150.000,- og knattspyrnuliði FH í mfl. karla gert að sæta félagaskiptabanni í eitt félagaskiptatímabil ef ekki yrði gengið frá uppgjöri í samræmi við niðurstöðu samninga- og félagaskiptanefndar frá 10. ágúst 2022 innan 30 daga frá því úrskurður aga- og úrskurðarnefndar var kveðinn upp.

Þriðjudaginn 4. apríl 2023 barst skrifstofu KSÍ tilkynning um áfrýjun ásamt greinargerð frá sóknaraðila knattspyrnudeild FH á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar sem kveðinn var upp 30. mars. Barst áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar skrifstofu KSÍ þann 4. apríl 2023 og innan áfrýjunarfrests.

III.

Í greinargerð frá knattspyrnudeild FH vegna áfrýjunar til áfrýjunardómstóls kom eftirfarandi fram:

„Kærandi byggir í fyrsta lagi á því að úrskurður samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ frá 10. ágúst 2022 hafi verið haldinn þannig annmörkum að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hafi ekki verið heimilt að leggja hann til grundvallar úrskurði sínum. Í úrskurði samninga- og félagaskiptanefndar er því í fyrsta lagi ranglega haldið fram að FH hafi lagt málið fyrir samninga- og félagaskiptanefnd. Hið rétta er að kærði í máli þessu, Morten Beck Guldsmed, lagði málið fyrir nefndina með erindi Leikmannasamtaka Íslands dags. 30. mars 2022 (fskj. 9). Það sem samninga- og félagaskiptanefnd taldi vera kröfu FH um úrskurð nefndarinnar, var erindi sem formaður FH sendi samninga- og félagaskiptanefnd með tölvupósti 22. mars 2022 (fskj. 6 og 7). Það erindi fól aðeins í sér upplýsingar um lokagreiðslu FH til MBG og þá afstöðu félagsins að það stæði ekki í neinni skuld við hann. Ekki var óskað eftir úrskurði nefndarinnar. Þetta er augljóst af erindinu 22. mars 2022 þar sem ekki kemur fram nein kröfugerð og engin krafa um að samninga- og félagaskiptanefnd taki málið til úrskurðar. Þá er þetta augljóst af umboði því sem MBG gaf Leikmannasamtökum Íslands tveimur dögum síðar eða 24. mars 2022 (fskj. 8), en þar kemur fram að umboðið nái meðal annars til þess að gæta hagsmuna hans gagnvart FH, „en þó ekki eingöngu að skjóta máli MB til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ“. Krafa um málsmeðferð og úrskurð fyrir nefndinni kom fyrst fram með erindi Leikmannasamtakanna f.h. MBG 30. mars 2022 (fskj. 9), en þar segir m.a. „Óskað er eftir að SF úrskurði hvort leikmannasamningur MB við FH sem tók gildi 1.1.2020 – 31.12.2021 sé launþegasamningur eða verktaka samningur.“

FH telur úrskurð samninga- og félagaskiptanefndar haldinn mörgum öðrum annmörkum sem valda því að aga- og úrskurðarnefndinni var ekki heimilt að leggja úrskurð samninga- og félagaskiptanefndar til grundvallar. Meðal annars var ekkert fjallað um það í forsendum úrskurðar samninga- og félagaskiptanefndar hvernig MBG hafði sjálfur talið fram til skatts. Samkvæmt skattframtali MBG 2020 vegna tekjuársins 2019 (öll framlögð skattframtöl MBG eru á fskj. 20) taldi hann fram laun að fjárhæð kr. [upphæð] á því ári. Samkvæmt skattframtali MBG 2021 vegna tekjuársins 2020 taldi hann fram laun frá Knattspyrnudeild FH samtals að fjárhæð kr. [upphæð] á því ári. Þá taldi hann í skattframtali 2022 vegna

tekjuársins 2021 fram laun frá Knattspyrnudeild FH samtals að fjárhæð kr. [upphæð] á því ári. Samkvæmt þessum gögnum, sem stafa frá MBG sjálfum, heldur hann því semsagt fram að hann hafi haft heildarlaunatekjur á árunum 2019 – 2021 frá FH að fjárhæð [upphæð]. Af því verður ekki dregin önnur ályktun, en að aðrar greiðslur FH til MBG geta ekki hafa verið annað en verktakagreiðslur. Sönnun fyrir öllum greiðslum til MBG er lagðar fram í málinu á fskj. 17 og excel skjalið á fskj. 18 er samantekt sem grundvallast á fskj. 17. Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 30. mars 2023 er haldinn nákvæmlega sama annmarka og úrskurður samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ frá 10. ágúst 2022 að þessu leyti. Ber þegar af þeirri ástæðu að taka kröfur kæranda til greina enda er þar ekki minnst einu orði á það hvernig MBG taldi sjálfur fram til skatts eða hvers eðlis greiðslur FH til hans hefðu verið. Um er að ræða grundvallaratriði málsins sem hvorug nefndin hefur fjallað um.

Að úrskurðinum gengnum gerði MBG ekkert í málinu fyrr en FH fékk kröfubréf frá honum dags. 9. janúar 2023 (fskj. 13), þ.e. 5 mánuðum eftir uppkvaðningu úrskurðarins. Með erindinu fylgdi svokölluð sundurliðun þeirrar kröfu sem MBG taldi sig eiga á hendur FH. Þar sem forsvarsmönnum FH var algerlega óljóst af þessum skjölum hvaða fjárkröfur MBG teldi sig eiga á hendur FH voru viðbrögð þeirra að óska eftir fundi með lögmanni MBG. Sá fundur fór fram 12. janúar 2023. Á fundinum varð forsvarsmönnum FH það ljóst að MBG var að gera kröfur á hendur félaginu um fé sem hann átti enga kröfu til; þ.e. skatta, tryggingagjald, iðgjöld í lífeyrissjóð og endurhæfingasjóð.

Það næsta sem gerðist í málinu var að MBG sendi Knattspyrnusambandi Íslands erindi dags. 2. febrúar 2023 (fskj. 14) þar sem þess var krafist að KSÍ hefði milligöngu um að FH greiddi MBG kr. [upphæð] eigi síðar en 16. febrúar 2023. Án þess að fá neinar upplýsingar frá sambandinu um afdrif þess erindis, sendi sambandið FH loks kærana dags. 23. febrúar 2023, þ.e. kærana til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ (fskj. nr. 15).

Öll þrjú fyrrgreind erindi kæranda á árinu 2023 eiga það sammerkt að í þeim er þess ranglega getið að MBG eigi inni vangoldin laun hjá FH.

Rétt er að geta þess, að frá því er greint í erindinu dags. 23. febrúar 2023 að MBG hafi verið með leikmannasamning við FH frá 24. júlí 2019 til 31. janúar 2019 (á að vera 24. júlí – 31. desember 2019) og að krafa MBG taki því einnig til þess tímabils, þó það falli utan þess tímabils sem úrskurðurinn fjallar um. FH mótmælir því að hann eigi nokkra kröfu á hendur félaginu vegna samnings hans við félagið vegna ársins 2019 sbr. greiðslukvittanir á fskj. nr. 17, uppgjörinu á fskj. nr. 3 og skuldleysisfirlýsingunni á fskj. nr. 4. Hann á engar kröfur á hendur FH vegna ársins 2019 frekar en vegna árána 2020 eða 2021. Ef lagðar eru saman samningsgreiðslur þær sem MBG átti rétt til vegna tekjuáranna 2020 og 2021 nema þær samtals [upphæð]. Með uppgjörsgreiðslunum 22. mars 2022 hafði MBG samtals fengið greiðslur frá FH að fjárhæð [upphæð] evrur vegna tekjuáranna 2020 og 2021; þ.e. vel rúmlega það sem FH bar að greiða honum í samningsgreiðslur. Þannig liggur fyrir full sönnun á því að MBG á engar fjárkröfur á hendur FH vegna árána 2020 og 2021. Hvað sem öðru líður eru skuldleysisfirlýsingar MBG sjálfs á fskj. nr. 4 og 5 full sönnun fyrir því að MBG eigi engar kröfur á hendur FH vegna tekjuáranna 2019 og 2020.

Öll framlögð gögn málsins hrekja það þannig að MBG eigi inni þá fjárkröfu sem hann heldur fram að hann eigi á hendur FH. Samkvæmt framlögðum gögnum telur MBG sig samtals eiga fjárkröfu á hendur FH vegna tekjuáranna 2019 – 2021 að höfuðstólsfjárhæð kr. [upphæð]. Er heildarkröfu MBG lýst þannig í erindum hans að „Launakrafa umbj. míns er því að fjárhæð krónur [upphæð] að viðbættum dráttarvöxtum krónur [upphæð] og lögmannskostnaði krónur [upphæð] með VSK, eða alls kr. [upphæð].“

Í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ kemur fram sú óskiljanlega staðhæfing að „Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að gengið hafi verið frá uppgjöri á milli málsaðila í samræmi við niðurstöðu samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ frá 10. ágúst 2022“. Þannig virðist nefndin ganga út frá því að

MBG eigi einhverja fjárkröfu á hendur FH þrátt fyrir að fyrir liggi fjöldi sönnunargagna í málinu um að hann eigi enga kröfu á hendur félaginu. Vandamál FH liggur í því að félagið getur ekki gengið frá uppgjöri við fyrrverandi leikmann félagsins sem það skuldar ekki neitt. Fróðlegt hefði verið ef nefndin hefði útskýrt það hvernig FH ætti að ganga frá uppgjöri við MBG.

Síðar í úrskurðinum segir að „Aga- og úrskurðarnefnd tekur ekki afstöðu til fjárhæðar þeirra krafna sem gerðar hafa verið af hálfu kæranda á hendur kærða“. Kjarninn í hinum ranga úrskurði aga- og úrskurðarnefndar liggur í því að henni bar skylda til þess, áður en málið var tekið til úrskurðar og félagið beitt refsivíðurlögum, að taka afstöðu til þess hvort FH skuldaði MBG eitthvað. Þær reglugerðir Knattspyrnusambands Íslands sem um er að tefla í málinu fjalla um réttarsambandið milli aðildarféлага sambandsins og leikmanna félaganna; en ekki um það hvort félagin hafi staðið skil á sköttum eða launatengdum gjöldum.

Hefðbundum sönnunarreglum er ranglega beitt í hinum úrskurðinum. MBG er ekki látinn bera hallann af því að hann hefur á engan hátt sýnt fram á að hann eigi fjárkröfu á hendur FH og það raunar orðað svo í úrskurðinum að það skipti ekki máli þar sem hann eigi hagsmuni „af meintu broti óháð því hvort hann eigi beina fjárkröfu á hendur kærða eður ei.“ Þetta er orðað svo í úrskurðinum, þrátt fyrir að engin gögn hafi legið fyrir um nein meint brot FH. Ítrekað er að samningur FH og MBG er verktakasamningur, en aga- og úrskurðarnefnd KSÍ lagði ranglega og án skoðunar hinn meingallaða úrskurð samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ frá 10. ágúst 2022 til grundvallar.

Samkvæmt grein 14.17.1 í reglugerð KSÍ um félagaskipti o.fl. hvílir sú skylda á FH gagnvart MBG „að uppfylla þær fjárhagslegu skuldbindingar sem það tekur á sig gagnvart leikmönnum.....“. Þær fjárhagslegu skuldbindingar sem þarna er fjallað um eru lögvarðar kröfur leikmanns á hendur aðildarfélagi KSÍ, en ekki meintar skattkröfur, kröfur lífeyrissjóða eða aðrar kröfur sem ríkissjóður eða aðrir kunna að eiga á hendur aðildarfélaginu. Leikmaður sem leikið hefur knattspyrnu með aðildarfélagi KSÍ getur ekki tekið að sér hlutverk innheimtumanns ríkissjóðs, lífeyrissjóða eða annarra. Ákvæðið verður að skýra þannig að það fjalli um fjárhagslegar skuldbindingar aðildarfélaganna gagnvart leikmanninum sjálfum og engum öðrum. Til nánari skýringar á því hvaða fjárhagslegu skuldbindingar ákvæðið fjallar um, er til þess að líta að í grein 14.17.4. segir orðrétt að „Til þess að félag teljist vera í vanskilum skv. ákvæði þessu verður leikmaður eða félag sem á kröfu á hendur félaginu að senda því tilkynningu um vanskil.....“ Ekkert liggur fyrir í málinu annað en að FH hafi uppfyllt þær fjárhagslegu skuldbindingar sem það tók á sig gagnvart MBG. Sönnunarbyrðin um hið gagnstæða hlýtur að vera á leikmanninum og því ber að taka dómkröfur FH til greina. Fyrir liggur að einstaklingur í vinnu getur ekki krafðið vinnuveitanda sinn um fé sem líta að lögbundnum eða kjarasamningsbundnum kröfum skattfyrvalda eða lífeyrissjóða, samanber til dæmis dóm Hæstaréttar frá 22. nóvember 2012 í máli nr. 671/2021 (fskj. 21) og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. mars 2022 í máli nr. E-1522/2021 (fskj. 22). Í fyrrgreinda dóminum segir orðrétt í forsedum héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna að „Í samræmi við fordæmi Hæstaréttar verður því að leggja til grundvallar að sóknaraðili eigi ekki aðild að kröfu um vangoldin iðgjöld til lífeyrissjóða heldur séu það viðkomandi lífeyrissjóður sem eigi slíka kröfu gegn varnaraðila.“ Hið sama gildir eðli málsins samkvæmt og í raun enn frekar, um aðild MBG að kröfu um skatta, tryggingagjald, greiðslur í endurhæfingasjóð eða aðrar kröfur þriðju aðila.

Hvað sem öllu framangreindu líður þá er ljóst að menn bera ábyrgð á sínum skattskilum og sé það raunverulega skilningur MBG að um launþegasamning hafi verið að ræða þá bar honum skylda til að telja fram í samræmi við það á sínum tíma. Það gerði hann ekki og þá hefur hann ekki heldur hlutast til um að fá skattskýrslur sínar leiðréttar síðar. Þannig hafa hvorki skattfyrvöld né aðrir gert kröfu á hendur MBG eða FH í tengslum við samningsgreiðslur aðila og því er engin ógreidd krafa vegna skatta eða launatengdra gjalda til staðar. Ómögulegt er fyrir FH að greiða skuld sem ekki er til staðar.

FH hefur greitt MBG allar greiðslur skv. samningi aðila og MBG hefur ótvírætt fengið til sín þá nettó fjárhæð (Netto payment í samningi MBG og kæranda FH, var hugsuð til skýringa á því að húsnæði og afnot á bíl væru utan „Netto payment“ sem yfirfært á íslensku er nettó greiðsla ekki netto laun) sem aðilar sömdu um í samningum sínum.

Yrði sú skylda lögð á FH að greiða MBG það sem hann hefur farið fram á í kröfugerð sinni er áréttað að það er ekkert sem tryggir að sú greiðsla myndi skila sér til þriðju aðila sem kröfuna myndu eiga ef einhver væri. Sé FH gert að greiða MBG það sem hann hefur farið fram á er alveg ljóst að MBG væri að fá greitt umfram það sem samið var um og auðgast með ólögmatum hætti.

Því er mótmælt að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hafi verið heimilt að beita FH félagaskiptabanni. Í 11. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál er engin heimild til að beita félagaskiptabanni. Viðurlög og refsingar verða ekki gerð á hendur aðildarfélagi KSÍ nema til þess séu viðeigandi heimildir í regluverki KSÍ. Þegar af þessari ástæðu ber að taka dómkröfur kæranda til greina.

Kærandi vill að lokum vísa til þeirra sjónarmiða sem fram komu í greinargerð hans til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ dags. 10. mars 2023 (fskj. nr. 16). Þar eru m.a. reifuð sjónarmið FH sem hefðu átt að leiða til frávisunar málsins frá aga- og úrskurðarnefnd, en nefndin tók ekkert tillit til. Þannig bar aga- og úrskurðarnefnd KSÍ meðal annars að vísa málinu frá nefndinni þegar af þeirri ástæðu að fjárkröfur MBG á hendur FH voru algerlega vanreifðar. Sundurliðunarblað það sem fylgt hefur síðustu þremur erindum MBG, fyrst til FH og síðan til KSÍ, er algerlega óskiljanlegt og ber ekki með sér hvort eða hvernig það er fundið út að MBG eigi fjárkröfur á hendur FH sem séu í vanskilum.

Vegna þeirra mikilsverðu hagsmuna sem eru undir í málinu, er þess krafist að í málinu fari fram munnlegur málflutningur. Málið fjallar um slík grundvallaratriði í reglum knattspyrnuhreyfingarinnar að meðferð þess á að vera eins vönduð og völ er á. Krafan er gerð með vísan til greinar 7.3. í reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ sbr. gr. 6.5. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Áskilinn er réttur til að tilgreina aðila og vitni til skýrslugjafar verði fallist á að málið verði munnlega flutt. “

IV.

Í greinargerð frá Morten Beck Guldsmed vegna áfrýjunar til áfrýjunardómstóls kom eftirfarandi fram:

„Sóknaraðili gerir þá kröfu aðallega að: „ ... úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 3/2023 frá 30. mars 2023 verði felldur úr gildi á hendur Knattspyrnudeild FH. Á þessari kröfugerð sóknaraðila, sem er aðalkrafa hans í málinu, eru eftirtaldir formgallar, sem eiga að frávisunar á aðalkröfu sóknaraðila.

Í fyrsta lagi hefur sóknaraðili ekki uppi kröfu í aðalkröfu um efnislega niðurstöðu í málinu, s.s. um sýknu af kröfum varnaraðila eða úrskurðinum verði hrundið og breytt með ákveðnum hætti. Í öðru lagi lætur sóknaraðili þar við sitja að krefjast þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi á hendur sóknaraðila.

Eins og aðalkrafa sóknaraðila er úr garði gerð leiðir hún að óbreyttu ekki til efnislegrar niðurstöðu málsins þar sem sóknaraðili kaus að láta hjá líða að krefjast tiltekinnar og ákveðinnar niðurstöðu í aðalkröfu auk þess sem sóknaraðili lætur þar við sitja að krefjast þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi gagnvart sóknaraðila. Aðalkrafa sóknaraðila er því ódómtæk og því ber að vísa henni frá dómi.

Úrskurður samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ frá 10. ágúst 2022

Af málatilbúnaði sóknaraðila í áfrýjunarskjali og greinargerð, dags. 4. apríl 2023, til Áfrýjunardómstóls KSÍ (bls. 2-3), verður ekki annað ráðið að með áfrýjun freisti sóknaraðili þess að hnekkja úrskurði

samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ frá 10. ágúst 2022, með þeim rökum að úrskurðurinn hafi verið haldinn slíkum annmörkum að ekki verði byggt á úrskurðinum. Sú málsástæða er haldlaus með öllu enda hefur sóknaraðili engan reka gert að því hvorki í þessu máli né í öðru að fá framangreindum úrskurði hnekkst enda er niðurstaða samninga- og félagaskiptanefndar endanleg og bindandi fyrir deiluaðila sbr. 28. gr. reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna.

Málsatvik, rökstuðningur og lagarök.

Að breyttu breytanda vísar varnaraðili til rökstuðnings í kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, dags. 23. febrúar 2023 (skjal 15), forsendna og niðurstöðu úrskurðar samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ frá 10. ágúst 2022 (skjal 26, bls. 5 og 6) og forsendna og niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar frá 30. mars 2023 (bls. 6-8).

Því til viðbótar byggir varnaraðili á eftirfarandi: Sóknaraðili og varnaraðili gerðu með sér leikmannasamning 23. desember 2019. Samningurinn gildi frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021. Ágreiningur var milli varnaraðila og sóknaraðila hvort að samningurinn væri launþega- eða verksamningur. Byggði varnaraðili á að samningurinn væri launþegasamningur, en sóknaraðili hélt því fram að um verksamning væri að ræða.

Með úrskurði, dags. 10. ágúst 2022 komst samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ að þeirri niðurstöðu að samningurinn væri launþegasamningur og á sóknaraðila hvíli því skylda til að greiða staðgreiðslu skatta og önnur launatengd gjöld af brúttólaunum hverju sinni. Í úrskurðarorði sagði orðrétt:

Leikmannasamningur Knattspyrnudeildar FH og Morten Beck Guldsmed með gildistíma frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021 telst vera launþegasamningur. Því samkvæmt ber Knattspyrnudeild FH ábyrgð á greiðslu skatta og annarra launatengdra gjalda af greiðslum samkvæmt samningum.

Fyrir liggur að úrskurður samninga- og félagaskiptanefndar er endanlegur og bindandi fyrir varnaraðila og sóknaraðila sbr. 28. gr. reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna. Niðurstaðan á að auki trausta og örugga stoð í leiðbeiningum Ríkisskattstjóra nr. 1207 um skattskyldu íþróttafélaga (skjal 25, bls. 10-13). Það þarf því ekkert að fjölyrða frekar um skyldu sóknaraðila til þess að standa skil á greiðslu skatta og annarra launatengdra tengdra gjalda af brúttólaunum varnaraðila samkvæmt leikmannasamningi málsaðila með gildistíma frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021.

Það hefur sóknaraðili ekki gert hvorki beint til varnaraðila, skattsins, söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda eða annarra. Sóknaraðili hefur því vanefnt greiðsluskyldu sína samkvæmt endanlegum og bindandi úrskurði samninga- og félagaskiptanefndar frá 10. ágúst 2022 í meira en 30 daga án þess að hafa samið um greiðslufrest sbr. grein 14.17.3 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Þegar af þeirri ástæðu ber að staðfesta úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 3/2023 frá 30. mars 2023.

Sóknaraðili virðist byggja á því að varnaraðili eigi ekki aðild að málinu þar sem það sé ekki á færi varnaraðila að gera kröfur á hendur sóknaraðila vegna vangoldinna skatta og launatengdra gjalda. Því er mótmælt. Hvað varðar skatta er löng hefð og dómvenja fyrir því að launþegi geti með málsókn innheimt þau heildarlaun sem hann telur vangoldin hjá vinnuveitanda, að meðtöldum sköttum, orlofi, tryggingagjaldi, félagsgjaldi o.s.frv. Um þetta má vísa til ótal dóma, héraðsdóms, Landsréttar og Hæstaréttar, m.a. dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1522/2021, sem sóknaraðili hefur lagt fram og byggir á í málinu (skjal 22). Hvað varðar greiðslur í lífeyrissjóð þá er óumdeilt í málinu að sóknaraðili hefur hvorki staðið varnaraðila eða söfnunarsjóði lífeyrisréttinda skil á þeim greiðslum og hefur því vanefnt skyldur sínar gagnvart varnaraðila og þar með gerst brotlegur við lög og reglur KSÍ óháð því hvernig

málsaðild til innheimtu kröfunnar í almennu einkamáli væri háttáð. Hvað varðar yfirlýsingar varnaraðila um skuldleysi sóknaraðila við varnaraðila (skjöl 4 og 5) vegna ára 2019 og 2020 þá tóku þær eðli málsins samkvæmt eingöngu til þeirrar vitneskju sem varnaraðili bjó yfir þegar þær voru gefnar. En eins og segir í úrskurði samninga- og félagaskiptanefndar þá mátti varnaraðili treysta því að sóknaraðili, sem vinnuveitandi hans, hefði staðið skil á staðgreiðslu skatta og annarra opinberra gjalda á samningstímanum enda eru skyldur sóknaraðila sem launagreiðanda skýrar um þetta. Þá er óumdeilt að sóknaraðili gaf enga slíka yfirlýsingu vegna ársins 2021. Það segir meira en mörg orð. Hvað varðar skattskil varnaraðila á Íslandi (skjöl 19 og 20) þá sýna framlögð tölvupóstsamskipti varnaraðila og sóknaraðila frá 7. og 8. desember 2021, að sóknaraðili var með puttana í skattskilum varnaraðila (skjal 27).

Eins og framan greinir greiddi sóknaraðili hvorki iðgjald í lífeyrissjóð eða félagsgjald til stéttarfélags og stóð ekki skil á staðgreiðslu tekjuskatts og tryggingagjaldi til ríkissjóðs eða stóð skil á launamíðum eins og sóknaraðila er skylt samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt. Við starfslok átti því varnaraðili kröfu á hendur FH við vegna vangoldinna launa og launatengdra gjalda eins og staðfest var með endanlegum úrskurði samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ, 10. ágúst 2022.

Að fengnum úrskurði samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ, 10. ágúst 2022, og sáttatilraunum, leitaði varnaraðili til Enor endurskoðenda (www.enor.is) um útreikning á kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila, og sundurliðast krafan með eftirfarandi hætti samkvæmt útreikningum Enor (skjal 24):

1. Krónur [upphæð] fyrir árið 2019.
2. Krónur [upphæð] fyrir árið 2020.
3. Krónur [upphæð] fyrir árið 2021.

En alls er launakrafa varnaraðila á hendur sóknaraðila því að fjárhæð krónur [upphæð] að viðbættum dráttarvöxtum krónur [upphæð] (miðað við stöðu 6. janúar 2023), eða alls krónur [upphæð].

Með kröfubréfi, dags. 9. janúar 2023 var sóknaraðila veittur frestur til 16. janúar 2023 til þess að ganga til samninga við varnaraðila um uppgjör á kröfunni, en að öðrum kosti væri varnaraðila nauðugur einn sá kostur að leita til KSÍ til þess að knýja á um uppgjör á kröfunni.

Þriðjudaginn, 12. janúar 2023., funduðu fulltrúar varnaraðila og sóknaraðila um lausn málsins. Sá fundur var árangurslaus. Niðurstaða samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ þess efnis að samningurinn sé launþegasamningur og um greiðsluskyldu sóknaraðila er skýr, ótvíræð og endanleg samkvæmt lögum og reglum KSÍ.

Engu að síður hefur sóknaraðili þraskallast við að ganga til uppgjörs við varnaraðila á grundvelli úrskurðar samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ frá 10. ágúst 2022. Þá hefur varnaraðili ekki haft uppi rökstudd andmæli við fjárhæð kröfu varnaraðila sem var reiknuð út af löggiltum endurskoðanda hjá Enor eða boðið fram aðra og lægri fjárhæð til lúkningar á kröfunni. Þess vegna var varnaraðila nauðugur einn sá kostur að vísa málinu til Aga- og úrskurðarnefndar og krefjast þess að sóknaraðili yrði beittur viðurlögum sbr. grein 14.17.3 í reglugerð KSÍ um félagaskipti o.fl., en samkvæmt grein 14.17.1 í reglugerðarinnar hvílir sú skylda á sóknaraðila að uppfylla þær fjárhagslegu skuldbindingar sem það tók á sig gagnvart varnaraðila skv. efni leikmannasamninga sem það gerði við hann.

Það hefur sóknaraðili ekki gert og hefur því gerst brotlegur við ofangreint reglugerðarákvæði. Því ber að staðfesta hinn áfrýjanda úrskurð.

Varnaraðili telur rétt að málið verði munnlega flutt.“

V.

Að beiðni aðila málsins heimilaði áfrýjunardómstóll KSÍ að málið yrði munnlega flutt.

Við munnlegan málflutning var bókað að varnaðili Morten Beck Guldsmed félli frá frávísunarkröfu sinni.

VI.

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins og hlýtt á munnlegan málflutning lögmanna málsaðila. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 30. mars 2023, þar sem Knattspyrnudeild FH var gert að sæta sekt að upphæð kr. 150.000,- til KSÍ og knattspyrnuliði FH í mfl. karla gert að sæta félagaskiptabanni í eitt félagaskiptatímabil ef ekki yrði gengið frá uppgjöri í samræmi við niðurstöðu samninga- og félagaskiptanefndar frá 10. ágúst 2022 innan 30 daga frá því úrskurður aga- og úrskurðarnefndar var kveðinn upp.

Í grein nr. 36.1 í lögum KSÍ segir að áfrýjunardómstóll KSÍ starfi skv. lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól. Jafnframt segir í grein 38.1 að dómstóllinn taki fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar sem ekki eru endanlegir samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarnefnd. Að endingu er þess getið í grein 39.2 laganna að áfrýjunardómstóll KSÍ skuli lúta lögum KSÍ og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstól KSÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum og reglugerðum KSÍ að reka málið fyrir nefndum innan KSÍ.

Í reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ segir í grein 2.1. að áfrýjunardómstóll KSÍ skuli byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KSÍ.

Með vísan til fyrrgreindra ákvæða laga KSÍ og reglugerðar um áfrýjunardómstól KSÍ liggur fyrir að dómurinn er alfarið bundinn af ákvæðum laga og reglugerða KSÍ í dómsúrlausnum sínum.

Í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga segir í grein 28.1. í kafla VIII., sem fjallar um samninga- og félagaskiptanefnd, að ef ágreiningsefni komi upp á milli félags og leikmanns vegna túlkunar á samningsatriðum skuli nefndin leysa úr ágreiningi aðila. Í grein 28.1.3. segir að niðurstaða samninga- og félagaskiptanefndar um ágreiningsefnið sé endanleg og bindandi fyrir deiluaðila. Þá segir í grein 28.1.4. að hvor aðili fyrir sig geti þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma.

Fyrir liggur í málinu að áfrýjandi sendi samninga- og félagaskiptanefnd erindi með bréf dags. 22. mars 2022 þar sem nefndin er upplýst um að áfrýjandi telji sig hafa að fullu greitt Morten Beck umsamin laun skv. samningi hans við áfrýjanda. Einnig er upplýst í bréfinu að áfrýjandi hafi ekki náð í leikmanninn en félagið muni á næstu dögum reyna að ná sambandi við hann og óska eftir skuldleysisviðurkenningu en ef það næst ekki óska eftir að fá skriflega kröfulýsingu á hendur áfrýjanda, sem félagið geti þá í framhaldinu metið þær, verða við þeim eður ei, eins og fram kemur í bréfinu. Leikmannasamtök Íslands f.h. Morten Beck Guldsmed sendi bréf til samninga- og félagaskiptanefndar dags. 30. mars 2022 þar sem vísað var til leikmannssamnings leikmannsins við áfrýjanda og þess krafist að nefndin úrskurðaði leikmannssamninginn sem launþegasamning og áfrýjanda beri að standa skil á sköttum og launatengdum gjöldum. Jafnframt liggur fyrir í gögnum málsins að aðilar skiluðu báðir inn athugasemdum sínum til samninga- og félagaskiptanefndar ásamt ítarlegum gögnum, lögmaður áfrýjandi þann 12. apríl 2022 og lögmaður leikmannsins þann 1. maí 2022. Gerðu aðilar þar kröfur af sinni hálfu í ágreiningsmáli sínu fyrir samninga- og félagaskiptanefnd byggðar á lögum og reglugerðum KSÍ. Óumdeilt er í málinu að hvorugur aðili krafðist þess að málinu yrði vísað í gerð á grundvelli greinar 28.1.4. reglugerðarinnar heldur þvert á móti kröfðust aðilar úrskurðar samninga- og félagaskiptanefndar um ágreiningsefnið. Samninga- og félagaskiptanefnd

kvað upp úrskurð sinn dags. 10. ágúst 2022 og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að samningur sá sem ágreiningur máls þessa hverfist um teldist vera launþegasamningur og því samkvæmt bæri knattspyrnudeild FH ábyrgð á greiðslu skatta og annarra launatengdra gjalda af greiðslum samkvæmt samningnum. Að framangreindu gættu telur dómurinn að samninga- og félagaskiptanefnd hafi verið að fullu bær til að úrskurða í málinu. Með vísan til sömu röksemda eiga að mati dómsins ákvæði laga nr. 53/1989 um sanningsbundna gerðardóma ekki við um ágreining aðila eins og málið liggur fyrir áfrýjunardómstól KSÍ.

Dómurinn vísar til fyrrgreindrar greinar 28.1.3 reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga um að niðurstaða samninga- og félagaskiptanefndar um ágreiningsefnið sé endanleg og bindandi fyrir deiluaðila. Einnig vísar dómurinn til greinar 28.4. sömu reglugerðar en þar segir að úrskurðir og ákvarðanir samninga- og félagaskiptanefndar séu ávallt endanlegir og bindandi fyrir málsaðila og verði ekki áfrýjað eða skotið til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, áfrýjunardómstóls KSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skuldbinda málsaðilar sig til að skjóta ágreiningi sem nefndin hefur úrskurðað í ekki til almennra dómstóla. Þessu til viðbótar undirrituðu málsaðilar staðalsamning KSÍ en þar skuldbundu aðilar sig með sama hætti og fram kemur í fyrrgreindum ákvæðum greinargerðarinnar að úrskurður samninga- og félagaskiptanefndar sé endanlegur og bindandi fyrir málsaðila og honum verði ekki áfrýjað tilaga- og úrskurðarnefndar KSÍ, áfrýjunardómstóls KSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Með þessari athugasemd en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar telur dómurinn að úrskurður samninga- og félagaskiptanefndar dags. 10. ágúst 2022 í ágreiningsmáli málsaðila sé því endanlegur og bindandi fyrir málsaðila og kemur úrskurðurinn því þegar að þeirri ástæðu ekki til endurskoðunar hvorki hjá aga- og úrskurðarnefnd né áfrýjunardómstóli KSÍ.

Með vísan til framangreindra forsendna og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ er niðurstaða hins áfrýjaða úrskurðar staðfest er varðar það mat aga- og úrskurðarnefndar að áfrýjandi hafi vanefnt greiðsluskyldu sína skv. úrskurði samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ frá 10. ágúst 2022 í meira en 30 daga án þess að hafa samið um greiðslufrest sbr. grein 14.17.3. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga enda verður ekki séð af fyrirliggjandi gögnum málsins fyrir áfrýjunardómstól KSÍ að knattspyrnudeild FH hafi staðið skil á staðgreiðslusköttum né öðrum launatengdum gjöldum af brúttólaununum hverju sinni eins og kveðið er á um fyrrnefndum úrskurði samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ en skv. úrskurðinum bar félagið ábyrgð á greiðslu skatta og annarra launatengdra gjalda af greiðslum samkvæmt samningnum milli félagsins og leikmannsins. Greiðsluskylda áfrýjanda hefur því verið viðvarandi a.m.k. frá 10. ágúst 2022. Verður því niðurstaða hins áfrýjaða úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar um sekt áfrýjanda að fjárhæð kr. 150.000,- samkvæmt grein 14.17.5 c), staðfest. Jafnframt er staðfest niðurstaða hins áfrýjaða úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar að áfrýjandi verði gert að sæta félagaskiptabanni í eitt félagaskiptatímabil, skv. grein 14.17.5 d) takist áfrýjandi ekki að sýna fram á að gengið hafi verið frá uppgjöri í samræmi við niðurstöðu samninga- og félagaskiptanefndar frá 10. ágúst 2022 innan 30 daga frá því að dómur þessi er kveðinn upp. Samkvæmt framansögðu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar verður hann staðfestur eins og nánar er getið í dómsorði.

Málskostnaður fyrir áfrýjunardómstól KSÍ verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Knattspyrnudeild FH skal sæta sekt að upphæð kr. 150.000,-. Knattspyrnulið FH í meistaraflokki karla skal sæta félagaskiptabanni í eitt félagaskiptatímabil ef ekki er gengið frá uppgjöri í samræmi við niðurstöðu samninga- og félagaskiptanefndar frá 10. ágúst 2022 innan 30 daga frá því að dómur þessi er kveðinn upp.

Málskostnaður fyrir áfrýjunardómstól KSÍ verður ekki dæmdur.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Guðgeirsson [sign]